

IHM höfundsjóður FK
Úthlutunarreglur

Hér á eftir fara leiðbeinandi reglur um skiptingu Félags kvikmyndagerðarmanna (FK) á hlut félagsins í höfundagjaldi Innheimtumiðstöðvar gjalda (IHM).

Aðaltilgangur IHM er að annast innheimtu gjalda af tækjum, diskum plötum eða öðrum hlutum til hliðrænnar eða stafrænnar upptöku. Nánar er þetta tilgreint í ofangreindum lagaákvæði sbr. 2. grein laga nr. 60/2000 og reglugerð nr. 125/2001, sbr. reglugerð nr. 168/2001, sbr. reglugerð 227/2001.

Þessu gjaldi er svo skipt á milli aðildarféлага IHM (þ.á.m. FK) sem skulu úthluta einstaklingsbundið til réttihafa þar sem því verður við komið.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Gerðardómur IHM 1999	3
Skifting IHM greiðslna og úthlutun	5
Úthlutunarreglur	6
Úthlutunarferli	7
Höfundaframlag	7
Höfundagildi myndar	8
Lengd myndar og endursýningar	8
Markaðsstuðull	8
Dæmi um útreikninga	8
Tafla 1.1. með höfundagildi myndar	Viðbætur I

Formáli

Með lögum nr. 78/1984 var gerð sú breyting á 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972 að sett var inn ákvæði í 3. mgr. um endurgjald til handa höfundum að listaverkum, sem útvarpað hefur verið eða gefin út á hljóðriti eða myndriti vegna upptöku verkanna á hljóð- og myndbönd til einkanota.

Upptaka til einkanota er heimil samkvæmt 1. mgr. (11. gr.) laganna en með fyrrgreindri breytingu var leitast við að bæta rétt höfum það tjón sem þeir yrðu fyrir vegna upptöku á verkum þeirra til einkanota.

Tekið er sérstakt gjalda af tækjum, diskum plötum eða öðrum hlutum til hliðrænnar eða stafrænnar upptöku sem flutt eru til landsins eða framleidd hér á landi og innheimtir sameiginleg innheimtumiðstöð samtaka rétthafa höfundagjaldið og deilir því til höfunda fyrir milligöngu höfundaréttarsamtaka.

Gjaldið af tækjum nemi 4% af innflutningsverði eða framleiðsluverði ef um innlenda framleiðslu er að ræða. Gjald af auðum hljóðböndum nemi kr. 10.00 en kr. 30.00 ef um auð myndbönd er að ræða. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um gjald þetta, þ.á.m. um verðtryggingu gjaldsins.

Fyrstu samþykktir Innheimtumiðstöðvar gjalda (IHM) eru frá desember 1984 en núverandi samþykktir eru nr. 333/1996. Í gr. 5.2 í samþykktum innheimtumiðstöðvarinnar er kveðið á um að ef ekki náist samkomulag milli hagsmunaaðila um skiptingu tekna þá skuli gerðardómur skera úr ágreiningi.

Aðildarfélög að IHM eru; STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, Rithöfundasamband Íslands, Hagþenkir, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Myndstef, Bládamannafélag Íslands, Félag Kvikmyndagerðarmanna, Félag leikstjóra á Íslandi, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra leikara, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda og samband hljómplötuframleiðenda.

Fyrri gerðardómur um skiptingu tekna IHM var kveðinn upp 6. des. 1993 en sá síðari 12. apríl 1999. Mikil óánægja var með fyrri gerðardóminn sérstaklega hjá kvikmyndahagsmunasamtökunum og varð einhver leiðrétting á því í síðasta dómi.

Samþykktir fyrir Innheimtumiðstöð gjalda kveða á um skipulag, aðild og meðferð fjármála IHM. Aðalfund fulltrúaráðs skal halda í apríl ár hvert. Fulltrúaráð samtakanna skipa fulltrúar sem tilnefndir eru til tveggja ára af aðildarfélagunum. FK skipar einn fulltrúa og einn til vara.

Gerðardómur IHM 1999.

Með gerðardómi þann 12. apríl 1999 var Félagi kvikmyndagerðarmanna úthlutað 4,5% í hreinum tekjum Innheimtumiðstöðvar gjalda af auðum myndböndum og auðum myndbandstækjum. Skiptingin gildir frá 1. janúar 1997 til a.m.k. fjögurra ára.

Í kafla VIII í dóminum segir um hlut FK;

„Í Félagi kvikmyndagerðarmanna (FK) starfa átta gildi eins og nánar er rakið í kafla IV.6. hér að framan. Klipparar, hljóðhöfundar, kvikmyndatökumenn og ljósamenn eiga þátt í gerð nær alls sjónvarpsefnis sem sýnt er hér á landi og tekið er upp á myndbönd. Vægi höfundarframlags þeirra sem verndar nýtur samkvæmt höfundalögum, er á hinn bóginn tiltölulega lítið, í samanburði við aðra réttshafa, og framlag þeirra sjaldnast meginuppistaða þeirra verka sem sýnd eru í sjónvarpi og tekin upp. Í mörgum tilvikum má gera ráð fyrir að þeir fái laun fyrir framlag sitt greitt í fastri vinnu eða öðru sambærilegu starfssambandi við framleiðanda. Leiðir þetta til þess að hlutur þessara aðila í höfundaréttargjaldi samkvæmt 11. gr. höfundalaga hlýtur að vera minni en hlutdeild ýmissa annarra þeirra sem til höfunda teljast og rétt eiga til hlutdeildar í gjaldi þessu.

Höfundarframlag annarra, sem heyra til Félagi kvikmyndagerðarmanna, t.d. sjórñenda kvikmyndatöku eða svokallaðra kvikmyndastjóra, getur verið töluvert. Um er að ræða afmarkaða efnisflokka, svo sem heimildarmyndir, fræðsluefni, dýralífsmyndir, stuttmyndir ýmiss konar og annað efni sem ekki er leikið. Þessir aðilar koma hins vegar að flestum eða öllum þáttum í gerð slíks efnis.“

Félag kvikmyndagerðarmanna gerði kröfu til gjalds fyrir alla félagsmenn í gerðadómi. Niðurstaða dómsins varð sú að annars vegar ættu kvikmyndastjórar rétt og hins vegar kvikmyndatökumenn, klipparar, hljóðhöfundar og ljósamenn. Ekki tók dómurinn af skarið með innbyrðis skiptingu sem kemur þá í hlut FK.

Ágreiningur er milli Samtaka kvikmyndaleikstjóra og Félags kvikmyndagerðarmanna, en innan þess félags er gildi kvikmyndastjóra, um endurgjald vegna framlags svonefndra kvikmyndastjóra til mynda sem ekki eru leiknar. Gerðardómurinn telur að SKL eigi sem fyrr segir rétt á endurgjaldi vegna framlags kvikmyndaleikstjóra að leiknum myndum en ekki rétt til annars efnis sem aðrir, eins og t.d. kvikmyndastjórar kunna að stýra. Fyrirsvar þessarra tveggja félaga á því ekki að skarast eins og síðar verður gerð grein fyrir þegar fjallað verður um hlutdeild hvors réttshafahóps.“

Í gerðardóminum kafla VII.3. er tekið á ágreiningi Samtaka kvikmyndaleikstjóra. Um ágreining við Félag leikstjóra á Íslandi segir;

„Haga verður skiptingu milli félaganna þannig með vísan til 2. og 3. gr. gerðarsamningsins að SKL beri endurgjald vegna leikstjórnar alls leikins efnis sem sýnt er í sjónvarpi annars en sýninga á sviðsuppfærslum. SKL beri hins vegar samkvæmt 3. gr. samningsins að svara kröfum frá félagsmönnum FLÍ.

Um skipting IHM tekna FK og úthlutun

Auglýsa skal eftir umsóknum til úthlutunar eigi síðar en mánuði eftir að fullnaðargereiðsla hefur komið frá IHM vegna liðins árs. Úthlutað verður vegna mynda sem frumsýndar eru árinu áður eða á annan hátt útgefnar eða birtar. Umsóknareyðublöð skulu aðgengileg á heimsíðu FK.

Í umsókn skal tilgreina nafn myndar, höfundarframlag umsækjanda, unnin tíma við verkið, tegund myndar, lengd, sýningardag, útgáfu eða birtingu og aðrar þær upplýsingar um umsækendur og höfundaframlag þeirra sem að gagna geta komið við úthlutun og auglýst er eftir í tilkynningu um umsóknir og á umsóknarblaði.

Birta skal auglýsingu eftir umsóknum bæði í bréfi FK til félagsmanna svo og í dagblaði eða öðrum opinberum fjölmiðli enda eiga allir höfundar (FK félagar sem og utanfélagsmenn) jafnan rétt til umsóknar samkvæmt höfundalögum.

Þriggja manna úthlutunarnefnd skipuð af stjórn FK skal yfirfara umsóknir og úthluta samkvæmt úthlutunarreglum sem félagið setur. Kostnaður vegna umsýslu, úthlutunar og kynningar á höfundamálefnum skal greiðast af óskiptum tekjum.

Úthlutunarreglur

Í VII. kafla gerðardóms 12. apríl '99 koma fram almenn sjónarmið sem liggja til grundvallar niðurstöðu gerðadómenda og skal úthlutunarnefnd taka mið af því við afgreiðslu umsókna.

„...Við skiptingu gjaldsins verður því fyrst og fremst tekið tillit til þess sjónvarpsefnis sem réttindi innlendra aðila taka til, þ.e. innlands dagskrárefnis og þess erlenda dagskrárefnis sem innlendir aðilar eiga einhvern hlut að, svo sem þýðendur og leikarar sem talsetja efni...

...Gerðadómsmenn verða því nær eingöngu að byggja mat sitt á því hvaða efni er mest tekið upp á myndbönd úr sjónvarpi á eigin reynslu og hyggjuviti.

Gerðadómsmenn telja að það sjónvarpsefni sem hvað mest er tekið upp sé kvikmyndir, sjónvarpsmyndir, skemmtiþættir og barnaefni. Einnig í nokkrum mæli tónleikar, leikrit og aðrir listaviðburðir. Annað sjónvarpsefni sé tekið upp en oftast í þeim tilgangi að horfa á það einu sinni og taka síðan annað efni yfir....

...Auk þess má nefna auglýsingar, dagskrárkynningar og skjáleiki en höfundaréttarlegt framlag slíks efnis þykir þess eðlis að ekki kemur til álita að taka tillit til þess í gerðardómsmáli þessu...

Í kafla VIII í dóminum segir um hlut FK;

„Í Félagi kvikmyndagerðarmanna (FK) starfa átta gildi eins og nánar er rakið í kafla IV.6. hér að framan. Klipparar, hljóðhöfundar, kvikmyndatökumenn og ljósamenn eiga þátt í gerð nær alls sjónvarpsefnis sem sýnt er hér á landi og tekið er upp á myndbönd. Vægi höfundarframlags þeirra sem verndar nýtur samkvæmt höfundalögum, er á hinn bóginn tiltöhlulega lítið, í samanburði við aðra rétthafa, og framlag þeirra sjaldnast meginuppistada þeirra verka sem sýnd eru í sjónvarpi og tekin upp. Í mörgum tilvikum má gera ráð fyrir að þeir fái laun fyrir framlag sitt greitt í fastri vinnu eða öðru sambærilegu starfssambandi við framleiðanda. Leiðir þetta til þess að hlutur þessara aðila í höfundaréttargjaldi samkvæmt 11. gr. höfundalaga hlytur að vera minni en hlutdeild ýmissa annarra þeirra sem til höfunda teljast og rétt eiga til hlutdeildar í gjaldi þessu.

Höfundarframlag annarra, sem heyra til Félagi kvikmyndagerðarmanna, t.d. sjónnenda kvikmyndatöku eða svokallaðra kvikmyndastjóra, getur verið töluvert. Um er að ræða afmarkaða efnisflokk, svo sem heimildarmyndir, fræðsluefni, dýralífsmyndir, stuttmyndir ýmiss konar og annað efni sem ekki er leikið. Þessir aðilar koma hins vegar að flestum eða öllum þáttum í gerð slíks efnis.“

Með hliðsjón af rökfærslu gerðardóms IHM og kröfum FK um skiptingu milli gilda fyrri dómi er ákveðin eftirfarandi skipting úr höfundasjóði félagsins; að jafnaði skal úthluta 70% til kvikmyndastjóra (annað en leikið efni) og 30% til kvikmyndatökumanna, klippara, hljóðhöfunda og ljósamanna. Kemur þessi skipting fram í Töflu 1.1.

Ljósahönnuðir, hljóðhönnuðir og klipparar fá að öllu jöfnu eingöngu greiðslur fyrir verk sem sannanlega bera höfundaeinkenni, svo sem leikið efni, heimildarmyndir og stærri verk.

Ekki er tekið tillit til dagskrárkynninga, uppfyllingarefnis eða annara útsendinga sem ekki eru í auglýstri dagskrá enda illmögulegt að tímasetja upptökur á efni sem hvergi er auglýst.

Úthlutunarferli

Pegar umsóknir liggja fyrir skulu þær færðar til bókar. Höfundaverk skulu flokkuð eftir höfundatöflu (Tafla 1.1).

Höfundaframlag

Kvikmyndastjóri er sá sem er aðalstjórnandi við gerð myndverks. Hann ber listræna heildarábyrgð á útkomunni.

Kvikmyndatökumaður er sá sem stýrir kvikmyndatökuvélinni eða sá sem ákveður ramma myndarinnar.

Klippari er sá sem tekur hráfefnið og raðar því saman í mynd.

Hljóðhöfundur skapar hljóðmyndina. Að hluta með upptöku en aðalega í eftrivinnslu hljóðs.

Ljósamaður skapar sjálfstæða lýsingu sem skal vera einkennandi fyrir myndverk, ljósamaður er að öllu jöfnu ljóshönnuður myndar.

Höfundagildi myndar

Höfundagildi hvernar myndar er metið í samhengi við vinnuframlag. Vitað er að daglegir þættir úr stúdíói svo sem fréttir og fréttatengdir þættir fela í sér dagsvinnu. Vönduð heimildamynd getur tekið nokkur ár að gera. Með höfundagildi er reynt að endurspegla framlag höfunda og þá aðalega með hliðsjón af vinnutíma. Viðauka I er viðmiðunartafla um höfundagildi mynda.

Lengd myndar og endursýningar

Gefa skal upp lengd og sýningartíma og dag. Tiltaka skal í umsókn hvort um endursýningu er að ræða. Að öllu jöfnu er ekki tekið tillit til endursýninga í frumsýningarviku. Að öllu jöfnu skulu einungis fyrstu tvær endursýningar teknar með enda litlar líkur á að síendursýnt efni sé tekið upp.

Markaðsstuðull

Margasstuðull er margfeldisstuðull frá einum upp í fimm. Annars vegar er hann ákveðinn í hlutfalli af áhorfi og hins vegar af líkindum þess að efni sé upptekið og varðveitt. Til hliðsjónar eru hafðar þær áhorfskannanir sem fyrir liggja að hverju sinni. Þannig er mynd með minna en 10% áhorf með markasstuðul 1. Þar sem ekki liggja fyrir reglulegar kannanir á hvaða efni er upptekið og varðveitt þá byggir það mat á hyggjuviti úthlutunarnefndar og þá vísað beint til gerðadómsins...*Gerðadómsmenn verða því nær eingöngu að byggja mat sitt á því hvaða efni er mest tekið upp á myndbönd úr sjónvarpi á eigin reynslu og hyggjuviti.* En í stórum dráttum er áætlað að leikið efni og bíómyndir séu upp teknar og varðveittar. Einnig stakir stórviðburðir og barnaefni. Annað efni er minna tekið upp og sjaldnar varðveitt.

Dæmi um útreikninga:

Höfundagildi myndar x lengd myndar x markaðsstuðull myndar = úthlutunarpúnktar

Í framtíðinni má sjá fyrir sér að myndir í útsendingu sjónvarpsstöðva séu skráðar samkvæmt fylglista myndar (kreditlista) og síðan sé reiknað út vægi hinna ýmsu höfunda sem fá síðan sendan heim tékka einu sinni á ári.

Útgefandi:
Félag kvikmyndagerðarman
Pósthólf 5162, 125 Reykjavík